

Heimskringla
Published every Thursday by The
Heimskringla News & Publishing Co. Ltd.
Verð blaðsins í Canada og Bandaríkum er 10c (fyrir framtíð).
Sent til Íslands 25c (fyrir framtíð).
B. L. BALDWINSON
Editor & Manager
Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Telephone Garry 4110.

MISSKILNINGUR.

Sera Jóhann Bjarnason hefir í Lögbergi dags. 27. p.m. ritað andmæli gegn kvæði því, er nefnist "A geðveikrahælinu", eftir Jóh. Hunsjörð, sem fyrir skömmu birtist hér í blaðinu, og sem presturinn segir að til sé orðið út af tilfelli, sem komið hafi fyrir í Nýja Íslandi; og atelur hann höfundinn þarlega fyrir afskipti hans af málinu.

Við þann hluta greinarinnar hefir Hkr. ekkert að athuga, því að áminningin er verðskulduð, ef höfundurinn er sekur. Vithringar sjúkðómur eru þess eðlis, að enginn ætti að álita sig hafa meina rétt til þess, að gera gys að þeim, eða nota þá sem tilefni til að sára tilfinningar astvina og aðstandenda hinna sjúku, og það hefur beint í verkahring herra Hunsjörðs að hreinsa sig af áburði prestsins, og hann ekki á rökum byggður.

En að því er Heimskringlu snertir — og verðjaum ekki betur en að presturinn hafi lagt óþarfa lykkju á leið sína til að ræða hana í þessu máli við íslenska lesendur —, þá er það sannast sagt, að verðjaum ekkert það í kvæðinu, sem til þess benti, að það væri á virkileikans grundvelli byggt og sáum þess vegna enga ástæðu til þess, að sýna því um upptöku í blaðið. Höfundur kvæðisins er oss alls ókunnur, vitum ekki til, að verð höfum séð manninn, — þó svo kunnir að hafa verið. Og alls enga hugmynd hafði blaðið um, að kvæðið væri samið í þeim tilgangi "að ljuga æru og mannorði af öðrum", eins og presturinn kemst svo högræflega að orði. Verðjaum meira að segja, að hann muni eiga órögt með að sýna með gildum rökum, að kvæðið sé til orðið á þann hátt, og ef þau gögn skortir, sem til þess þurfa, þá þarf engum getum um það að leiða, hver það sé, sem gert hefir sig sekan í, að "ljuga æru og mannorði af öðrum".

Verðjaum ekki betur séð, en að heill hópur fjölskylda, sem því óláni hafa mátt, að eiga attingja á geðveikrahælinu, geti með sama rétti talið kvæði þessu í samt að sér, eins og þeir, sem presturinn talar fyrir í þessu máli, því margar fjölskyldur geta verið til, sem eins er ástætt fyrir ekan og þeim, sem presturinn segir hér sig hlut að máli.

Heimskringla verður að álita, að hirting kvæðisins hafi, frá blaðalegu sjónarmiði, verið í fyrsta máta réttmæt, og gefi ekki ástæðu til þess skilnings, sem presturinn leggur í það.

ELDUR.

Fyrir nokkrum árum kom krúður á tré nokkurt í Niagara héraði í Ontario, og tafarlaust lagði ríkisstjórnin fram alla krafta sína til þess að vernda þetta tré. Skrifsmur nokkur lagðist þar á aldin og hópur sérfræðinga var þegar sendur til þess með víðsýndalegri þekkingu sinni að útrýma hoanum úr héraðinu. Nautahjörð ein í Ontario fékk fákendann sjúkðóm og stjórnin varði margfalt meira til að lækna þann sjúkðóm, heldur en öll hjörðin var verð. Allar þessar tilraunir stjórnarinnar og fjárféttar útlát úr ríkissjóði máttust eilífrir, og alþýða manna var henni þakklát fyrir framfærðuna. — En á eftir ár tapar þjóð þessa lands feikna fjárunnæðum, sem landsstjórnin lætur afskiptalaust, rétt eins og þar mikla fjárféttar orsakast af fellilöngum, jarðskjálftum eða feikna höfðöldum, eða öðrum náttúruförum, sem mannlegt heggjuvit fengi ekki ráðið við. Á hverjum degi vex tjón þetta svo mjög, að upphæðin myndi nægja til þess, að bæta öllum þúpingum og aldiræktunarmönnum landsins þá tjón, setja þeir verða að hola af völdum sjúkðóma og eyðileggingar-orma. Og meiri hluti þessa tjóns verður fyrir glepsam-

legt hirtuleysi, og þó er því leyft að halda áfram, án þess nokkrar skorður séu reistar gegn því, né hegning sett við því, frekar en af þak fylki af fjárhúsi af völdum vinda. Á árinu 1910 varð tjón Canada búa af eldsbrunum nálega 32 milljónir dollara, eða nákvæmlega \$31,962,552, eða til jafnaðar 90 þúsund á hverjum degi ársins, eða \$3,750 á hverri klukkustund sólarhrings, — og allt þetta beint þjóðartap.

En þetta 32 milljón dollara tjón er þó ekki nema litill hluti þess beina kostnaðar, sem þjóðin verður fyrir í þessu sambandi. Kostnaður við vatnsleiðslu eykur útgjöldin um aðrar 4 milljónir dollara, og slökkvistöðva viðhald kostar aðrar 7 milljónir, og varnartækni einstaklinga kosta aðra 2½ milljón dollara; — svo að þó ekki sé talin sú skaði, sem ríkið hlífir af slökkvendum og skógaldum, þá varð Canada fyrir tjóni af eldum á sl. ári svo nam 61½ milljón dollara.

Hagfræðingar mundu segja, að þessi upphæð næmi \$8.00 á mann hvern í landinu. Fjárhagsfræðingar myndu segja, að skaðinn íslendi 5 prósentu vöxtum af \$161.00 á hvern mann í ríkinu, eða af fjárupphæð, sem næmi 1230 milljónum dollara. Tölfræðingurinn mundi setja fjárféttissamlikninguna fram á enn annan hátt, en engu síður eftirtektaverðan.

Þetta feikna fjárféttar á árinu var 66 prócent meira en næsta ár á undan, og á einum mánuði (júlí) varð skaðinn svo mikill, að hann nam tveim þriðju hlutum alls þess fjárféttis, sem varð á árinu 1909, eða rúmlega 12½ milljón dollara. — Þessi mánuður (júlí) var skaðamesti mánuðurinn sem orðið hefir í sögu landsins. Þá varð bruninn mikill í Campbellton, N.B., og skógareldarnir miklu í Ontario og British Columbia og milljón dollara timburbrunninn í Braeside í Ontario og sögunarmynubrunninn í Golden og Revelstoke þáttum í British Columbia. Á árinu 1910 voru yfir 30 eldsbrunnar, sem hver olli yfir 100 þúsund dollara eignatjóni. Af þeim voru 16 í Austur-Canada og hinir vestan stórvatnanna. Meira varð fjárféttar þó í Austur-Canada, en mjög varð það ólíkt í hinum ýmsu borgum ríkisins. Montreal, sem er stærsta borgin, varð þrjár á árinu fyrir 100 þúsund dollara tjóni af eldsveða; Toronto, næst stærsta borgin, var sem næst laus við þuna; en Winnipeg var fremst í tvennu tilliti: bæði að því er snerti tölu brunanna og fjárféttar því, er þeir ollu. Fimm brunar urðu hér á árinu, sem hver um sig gerði yfir 100 þúsund dollara tjón, og alls varð skaðinn af húsbrunum hér í borg meira en 1½ milljón dollara.

Áðalsins tveir stórborgir í Bandaríkjunum höfðu stórfleiri brunna á árinu. Í Winnipeg urðu 14 brunar, sem hver gerði meira en 10 þúsund dollara eignatjón, og hinir fyrstu mánuður þessa árs varð nærlíkt jafn eldskaður. Fyrstu 13 dagana af janúar sl. urðu 77 brunar í Winnipeg, svo að sumir af slökkviliðsmönnum unnu nærlíkt þrjá sólarhringa í einu hólðar og svefnlaust. — Svo er Winnipeg borg orðin illa ræmd fyrir tölu eldsbruna, að eldsábyrgðarlögin hafa tapað fé á starfi sínu hér á sl. árum. Þau hafa því hækkað ábyrgðargjöld sín að mun á stóftli. Vetrir. Á löngum árum hafa brunahlutöllin verið söm í Bandaríkjunum og Canada; en á sl. ári tók Canada langt stökk fram fyrir Bandaríkin í brunatjóni, miðað við þúttölu beggja ríkanna. Hér í landi varð skaðinn 30 milljónir, en svæða 204 milljónir dollara, svo að Canada þar fyllan áttunda hluta af tapinu, en hefir þó að eins einu tólf hluta þúttölu.

Til þess að komast að niðurstöðu um það, hvað best sé að gera til þess að koma í veg fyrir þetta ógna fjárféttar af völdum elda, verður nauðsynlegt að ljuga hverjar séu aðalorsakir af upptökum eldanna. Undirrot þessa má telja það, hve hús eru óvænlega byggð, úr ódýru efni, svo sem timbri, ónóg lagaðkvæði og þeim löngum illa framfylgt, sem til eru, og alment þekkingarleysi eða keruleysi um að við hafa skynsamlegar varðarreglur.

Það er fróðlegt að ljuga upptök brunanna í sambandi við framangreindar orsakir. Flestir brunarnir á síðasta ári, eins og á fyrri árum, orsökust af eldveikju í stóm og hitunarvöldum og af illa byggðum reykhláfum. Út þessum orsökum urðu 388 húsbrunnar; margir þeirra eiga röt að rekja til plötuvarnara, og fyrir langflesta þeirra hefir hæglega mátt byggja, með því að setja stórnar rétt niður og á hyggilega svæði herbergjunum, og með því að nota almennileg ofnir og tryggja reykhlafa. Og margir eldar orsökust

af svo mikilli óvandrækt í byggðu húsa og hitaleiðslu um þau, að rétt hefir verið, að höfða glepa mál móti smíðum húsanna. Væðing plankar stóðu innu reykhlafana eða eldstæðin. Húseigendurnir, er borguðu fyrir smíðið, vissu ekki annað en alt væri ráðvænlega af hendi leyst, — þar til hús þeirra brunnu og þeir urðu að bera öllan skaðann af því. Einn dómari í Montreal fann lækningu við þessu meini þar í borg með því að dæma smíðinn til skaðabóta útlata.

Önnur orsök til þessara elda er til skamrar þessu landi. Á árinu 1910 höfðu ekki færri en 270 eldar verið kveiktir af ásettum ráði. En ekki var komið fram hegningu á hendur þeirri en ellefu í þeim glepsamegnum. Íkveikjan er gerð af tveimur ástæðum: Að einu leyttinu til þess, að ná ábyrgðarféttu, og að hinu til að hefna sín af einhverjum andstæðingi. Hvortveggja þetta er allt-titt, vegna þess, hve slæga er eftir því gengið, að ná í sökdólgana. Eina ráðið til þess, að koma í veg fyrir framhald þessa ógnaðar, er að setja brunarannsóknarmenn, eins og Manitobastjórnin hefir nú gert, og er það eina fylkið í Canada, sem það spor hefir stigið. Að eins ætti að rannsóknari að hafa viðtekara vald, en hann hefir, í líkingu við það, sem hann hefir í sumum fylkjum Bandaríkjananna. — Íkveikjan er orðin af list: Eldur í verksmíðju á Englandi var rakinn til katta, sem settur var inn í verksmíðjuna eftir að tuskur höfðu verið vaðar um rólu þans og í þeim kveikt. Í British Columbia var kveikt í gullstássbúð til þess, að ná í ábyrgðarfétt, af því að gullstáss-stærð, borgaði sig ekki, það kviknaði í búðinni, löggar báðir eigendur hennar voru fjarverandi í öðrum bæ, í 12 mína fjarlægð. Það komst upp, að eigendurnir höfðu smíðað nokkrar konar klukku-gangverk, sem orsakaði það, að eldspita málhúst við sandpappír kl. 1½ um nottina, og datt svo, er kviknað var í henni, ofan á tusku, sem væt hafði verið í öllu. Til allrar þukku varð eldsins vart svo tímanlega, að hægt var að ákveða upptök hana.

Margir halda, að eldingar séu ein af aðalorsökum til húsbruna: en svo er þó ekki. Það urðu 152 eldar af þessari orsök á sl. ári, og samkvæmt reynslu þeirri, sem fengin er í Ohio ríki í Bandaríkjunum, hefir mátt koma í veg fyrir flesta þeirra. Af 883 eldum í því ríki, af orsökum eldinga, þá voru að eins 4 af húsbrunum þeim sem brunni búið út með nítíðar eldingaleifara (Lightning Rods), og í einu tilfelli var sannað, að eldingin hafði komið neðan frá. Það er ennþá nægilegt stítt og verðum fyrir þrumuleifara kaupmenn.

Eldar, sem stafa af gasólin-sprengingum, eru undantekningarlaust afleiðing af trasasskap og glepsamlegu keruleysi. Gasólin-sprengingin er kominn í beinan atleggja frá steinolíu-öflunum. Jafnvægi þó gasólin sé á hættulegasti lögur, sem hægt er að kaupa án einkaleyfis, er þó sú ölu meidd höndluð með svo miklu keruleysi, og að þau eykur daglega tölu ekkna og munaðarleysinga í landi þessu. Það urðu 108 sprengingar, sem sýna, að alt af gálúslega er farið með þennan lög. Það þarf ekki nema eina mörk af gasólini til þess að gera 200 teningslet af allsterkum sprengilegi. Þetta taka eldsábyrgðarlögin til greina á þann hátt, að gasólin-gerðar felag eitt í Chicago verður að borga \$27.80 upphæðargjöld fyrir hvert 100 dollara virði í eignum sínum, og má þó aldrei hafa meira en 44 tunnur af gasólini í verksmíðju sinni.

Hundrað þrjátíu og einn eldur orsakast af því, að börn leka sér að eldspitum. Á þessu bera foreldrarinn beina ábyrgð, af því þeir láta börnin ganga alt af sjálfleira og eftirlitslaus. Einnig urðu 100 eldar frá olíulömpum; 80 eldar orsökust af illa löngum raf-lýsingargörum, og 70 eldar urðu af því, að kviknaði í eldspitum: þar höfðu verið geymdar þar sem eldmyr komst að þeim. Vindlastubbar orsökust 54 eldar, og 44 eldar kviknuðu af því, að fatnaður var hafður svo nálegt eldstæðum, að í honum kviknaði. Ógættleg meðferð á eldspitum er ein af aðalorsökum margra húsbruna.

Margir telja, að rafjöfnarættir í húsum, hversu illa, sé þá þeim er ástæða, orsök ekki húsbruna. En í þessum landski í Ontario var það sannað, að af 240 húsum, sem nákvæmlega voru rannsökuð, voru ljósfræðir af eins rétt lagðir í 16 þeirra. Og á þýðkalandi hefir það verið fullsannað, að illur frágangur á leiðslu ljósfræða í húsum, er orsök fleiri elda þar heldur en stafa frá gasólini og steinolíu. Stjórnin ætti að hafa mann í hverjum bæ hér í landi til að líta

nákvæmlega eftir þessu, og myndu þeir á einum mánuði vinna fyrir ársalaunum sínum. — Sumir leita að gasleka með því, að kveikja á eldspitu og bera logann að þar sem atlað er að lekinu kunnir að vera. Sjó eldar kviknaðu frá pípum þeirra, sem reyktu í rúmi sínu, og heimskingjarnir, sem hafa atlað sér að glæða eld í hústóm sínum með því að hella olíu í hann, hafa orsakað 15 húsbruna.

Þessi údráttur er úr ritgerð um upptök húsbruna, sem nálega stóð í tímaritinu "Trail", sem gefið er út í Winnipeg, og er margt annað fróðlegt og eftirtektavert í grein þessari. Meðal annars það, að tjónið, sem landsbúar bíða eignalega af húsbrunum, sem festir orsakast af einskæru keruleysi og hugsunarleysi, — sé þó í sjálflu sér að eins litill hluti þess skaða, sem þjóðfélagið verði að hola af eldum þessum, þar sem á sl. ári ekki færri en 326 manns mistu líf sitt í eldunum.

Ein orsök til elda, og sem stjórnir landanna ættu að skilta sér af, er það glepsamega keruleysi margra foreldra, að skilja börn sín eftir einsömlu í húsum, sem á sl. ári varð 64 börn um að bana. Feðurnir voru við vinnu, en meðurnar ýmist fóru á leikhlúð eða aðra skemtittúra, eftir að hafa lokað börn sín inni í húsum. Á fyrstu 35 dögum þessa virstandandi árs hafa 7 ungbörn brunnið til bana í Montreal borg, sem lokun voru inni í húsum meðan meður þeirra fóru út að skemta sér við að horfa á hreyfimyndasýningar. Mörgum öðrum börnum varð af náðum þeirra bjargað frá bráðum dauða af völdum elda, meðan meðurnar voru úti að skemta sér. Löginn ætti að gera þess konar vanrækslu að fangelsissök. Og þeir, sem nota olíu til að glæða elda í stóm sínum, ættu ekki að ganga lausir, — vírfir-ingahelín eru hin réttu heimkynni fyrir þá.

Þetta ástand má með engu móti lengur hlást hér í Canada. Stjórnir landsins verða að viðhafa sam-tök til þess, að stemma stigun fyrir því vðalega eigna- og líftjóni, sem nú er orðið alt of algengt hér í landi af völdum elda. Eitt bæta ráðið er, að áðrar stjórnir gangi í fótspor Manitobastjórnarinnar í því, að setja eldsbrunnarannsóknara, sem hafa viðstarf, að rannsaka upptök illra elda í þeim tilgangi, að komast fyrir um upptök þeirra, og að sjá til, að þeim séu verið ræðlega reisað, hvort sem sekt þeirra á röt sína að rekja til keruleysis eða annara orsaka. Starf slíkra manna hefir reynt ágætlega í ýmsum af Bandaríkjunum: en ekkert fylki í Canada hefir ennþá sett menn í þessa stöðu, nema Manitoba fylki, og er þó vald hans helzt til takmarkað. Eitt af þessum ríkjunum minkaði húsbruna um fullan helming árlega með því að setja bruna-rannsakara. Annað ríki fékk 72 menn dæmda í fangelsi á fyrsta árinu, sem það hafði slíkan starfsmann; og í enn öðru ríki minkaði upphæð eignatjóns af eldsveða á 5 ára tímabili úr 17 milljónum niður í 7 milljónir; og í öðru ríki voru fleiri brenniveigar dæmdir á einu ári, en í öllum undangengnum árum til samans. Í stuttu máli að segja, þá hefir eimnatíon í þeim hlutum Bandaríkjananna, sem hafa eldsrannsakara, að eins orðið \$1.47 á mann, en var áður \$2.47 á mann.

Sveitalöfölin hafa á valdi sínu, að koma í veg fyrir mikið af brunum þeim, sem orðið hafa og verða með hyggjunga- og eldværnar-akka-lögum, sem þau hafa rétt í að staðfesta og láta framfylgja. Með viðgængi lagaákvæðum og til-sjón með að þeim væri framfylgt, mætti hæglega á fyrsta árinu minka eldsveðatjón þessa fylkis um helming, og sérhvert sveitalöfölin myndi fúsla þessa slík aukalög, ef þess væri krafist. Það hefir sýnt sig í öllum Evrópu löndum, að mikill hagnaður er við það að hafa góð eldværnarlög og láta framfylgja þeim. Þegar þess er gætt, að eldsveðatjón í allri Ameríku er \$2.51 á mann að jafnaði, en í 6 af öllum Evrópu löndum ekki nema 33 cents á mann, þá ætti vissulega að taka alvarlegt tillit til þessa mikla skaða hér í landi. Eldsveðatjón hér í Winnipeg-borg var á síðasta ári yfir \$10.00 á mann að meðaltali; en í alla af stórborgum Evrópu ekki nema 48 cents á mann. Áðalsins tveir stórborgir, París og London, hafa meira tjón á sl. ári heldur en hin löng Winnipeg-borg. Eldsveðatjónin í Ameríku-borgunum eru að meðaltali \$1.53 á mann, en í Evrópu-borgum að eins 20 cents á mann.

Munið eftir Íslendingadeginum á morgun (2. ágúst).

Kaupið 10c 'plug' af

Currency

CHEWING TOBACCO

OG VERIÐ GLADIR.

**Afnám
í Lávarðadeildarinnar.**

Frumvarpið um tákmarkun-neitunarvalds lávarðadeildarinnar á Englandi, sem svo miklum hita veldur um þessar mundir meðal hinna bresku stjórnmalamanna, er eitt hið þýðingarmesta frumvarp, sem nokkur sinni hefir legið fyrir hinu breska þingi, því það fer hvorki meira né minna en fram á, að gjörbreyta fyrirkomulagi þingsins, því fyrirkomulagi, sem ríkt hefir um aldir. Frumvarpið var í fyrstu samþykkt í neðri málstofu inni með miklum atkvæðamun og síðar sent til lávarðadeildarinnar. Lávarðarnir þóðu ekki að fella það, en breyttu því í tveim mikilvægum atriðum, og sendu svo neðri málstofunni að nýju. Það, sem lávarðunum var aðallega þyrnir í augum, var það ákvæði frumvarpsins, að öll fjármálafrumvarp skyldu verða að lögum, án þess að lávarðadeildin hefði nokk- um með þau að tjalla. Þetta þótti lávarðunum óþolandi, og hitt þó verða, að öll önnur frumvarp skyldu verða að lögum, þó lávarðadeildin hafnaði þeim, ef þau væru samþykkt af neðri málstofu umi á þremur þingum — innan tveggja ára. Með þessu var sama sem alt vald tekið frá lávarðadeildinni, ef neðri málstofan skitti ekki um skoðanir á þessum tveimur árum. Hefðu lávarðarnir því samþykkt frumvarpið, hefði það verið hið sama og að fremja sjálfs morð á réttindum sínum. Og hefðu þeir felt það, þar næstum að sama brunni, þeir tóku því milliveginn og breyttu því. En nú hefir Asquith forsætisráðherra lýst því yfi, að annaðhvort verði lávarðarnir að samþykka frumvarpið óbreytt, eða breyta því þá svo sem óllega, að það haldi sínu í öllum meginatriðum. — Því annars láti hann konunginn útfelna nógu marga nýja lávarða, sem sverji frumvarpinu fylgi sitt, og lannig láta lávarðana sjálfa samþykka það. Asquith segir, að konungurinn hafi lokað að útfelna lávarðana, hvenær sem þess sé ósk.

Breytingarnar, sem lávarðarnir gerðu á frumvarpinu, voru tveir. Önnur var við þá grein þess, sem ákvað, að öll fjármálafrumvarp skyldu vera lávarðadeildinni óviðkomandi. Breytingartillagan var þess eðlis, að nefnd úr báðum þingdeildum skyldi úrskurða, hvað væri fjármálafrumvarp og hvað ekki. Í stjórnarfrumvarpinu var forseta neðri málstofunnar einum falið úrskurðarvaldið, hvað það snerti; en það þýkti lávarðunum ónóg, því að því nær öll frumvarp megi gera að fjármálafrumvarp, með því að hætta við þau klausu, er drápi á fjármál að einhverju leyti. En sé aftur á móti skipuð nefnd úr báðum þingdeildum með úrskurðarvaldi í þessu efni, þá sé vísu fyrir því, að þau frumvarp að eins séu kölluð fjármálafrumvarp, sem það eru í raun réttir. Eftir stjórnin er þessum breytingum mótfallin, vegna þess að hún óttast að lávarðadeildin mundi bera þar betur úr bótum. Þess vegna neitar Asquith að sinna nokkurri breytingu, sem ekki tryggir að minsta kosti neðri mál-

stofunni töglin og hagldirnir í nefndinni.

Öllu meiri hita hefir þó hin breyting lávarðanna valdið. Fer hún fram á það, að ýms mállefni sé undanskilin þeirri ákvörðun frumvarpsins, að frumvarp, sem lávarðadeildin hafnar, verði að lögum, ef neðri málstofan samþykki það þrisvar. Mállefni þau, sem lávarðarnir vilja hafa undanskilin, eru þau, sem varða stjórnarskipun landsins; svo sem frumvarp um sérstök löggjafarþing fyrir Írland, Skottland, Wales og England; og ennfrum þau mállefni, sem liggja fyrir hinna sameiginlegu nefnd, sem fyrir breytingin fór fram á að skipuð yrði, — mál, sem eru svo þýðingarmikill, að lávarðarnir áliti að þau skuli undir atkvæði þjóðarinnar. Ennfremur ákvæði breytingin, að ósamkomulag milli þingdeildanna skuli útklað af sameiginlegri nefnd úr báðum deildunum.

Það er sérstaklega eitt, sem breytingartillagan síðari ótvírlega vill koma í veg fyrir, og það er, að Írar fái heimastjórn. Það er öllum kunnugt, að lávarðadeildin hefir ávallt verið andvíg leima-stjórnarfrumvarpi Íra, og er það engu minna nú. En því er nú svo varið, að Asquith-stjórnin styðst við fylgi Íra í þinginu og geti ekki án þess staðið; og að launum ríki þá fylgi hefir Írum verið marglofað heimastjórn. Það er vegna þessara loforða, að Írsku þingmennirnir hafa greitt atkvæði með fjárlagafrumvörpum Lloyd George, þrátt fyrir það, þó þau hafi verið heim í fylsta máta ógæfð. En þeir hafa marglýst því yfi, að þeir ofrúðu bæði sál og samfæring fyrir heimastjórn Írlands.

Hver endirinn á baráttunni við lávarðana, verður, er auðsagt, — stjórnin þar sigur af hólmi. Það eina óvissa er, hvort lávarðarnir láti skjálfr undan síga, eða hvort Asquith verður að lá konunginn til að hefja nokkurar tlyftir auðmanna upp í lávarðatignina. — Annaðhvort þetta verður að ske.

En hvað sem því viðvikur, þá má segja, að dagar lávarðadeildarinnar séu taldir, því þó hún standi að nafninu til, þá verður ún að eins skuggi af því sem áður var. Vald hennar farið, — en nafnið einkisvirið.

KENNARI

getur fengið atvinnu við Minerva skóla No. 1045 í 7 mánuði, frá 1. október til 30. apríl 1912. Tilboð, sem tiltaki mentastig, æfingu og kaup, sem óskað er eftir, sendist til undirritaðs fyrir 1. sept. 1911.

S. EINARSSON,
Sec'y-Treas.
Gimli, Man. Box 331.

KENNARA

vantar fyrir Vidir skóla No. 1460, í 3½ mánuði frá 1. september til 15. desember þ. á. Tilboðum, er tiltaki mentastig og kaup, verður veitt móttaka af undirrituðum til 19. ágúst næstkomandi.

Vidir, P.O., Man., 24. júlí 1911.
JÓN SIGURDSSON,
Sec'y-Treas.